

10. gr.

50

Reglugerð þessi gildir frá 1. janúar 1959 og fellur þá úr gildi reglugerð um sama efni frá 24. maí 1956. 14. apríl

Póst- og simamálaráðherrann, 14. apríl 1959.

Emil Jónsson.

G. Briem.

REGLUGERÐ

51

um breyting á reglugerð nr. 19/1949, um flutningsrétt á ritverkum og tónsmíðum. 10. apríl

1. gr.

2. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Um höfundagreiðslur útvarpsstöðva fyrir flutningsrétt hugverka skulu þó gilda þau ákvæði, að takist ekki samningar milli heildarsamtaka höfunda og útvarpsstöðva, skal gerðardómur skipaður einum hæstaréttardómara tilnefndum af Hæstarétti, sem jafnframt skal vera formaður dómsins, einum tilnefndum af hlutaðeigandi samtökum og einum tilnefndum af menntamálaráðuneytinu, skera til fullnaðar úr ágreiningi. Fulltrúar ráðuneytisins og höfundasamtakanna skulu vera embættisgengir lögfræðingar. Formaður dómsins setur dóminum starfsreglur, sem ráðuneytið staðfestir.

Áður en lagður er á úrskurður, skal gerðardómurinn gefa aðilum kost á að skýra sjónarmið sín fyrir dóminum.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 49/1943 og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 10. apríl 1959.

Gylfi P. Gíslason.

Knútur Hallsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Tómasar Jóhannssonar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 17. apríl 1959. 17. apríl

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Tómasar Jóhannssonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Tómasar Jóhannssonar.

2. gr.

Sjóðurinn er gefinn af nemendum Tómasar Jóhannssonar, er eign bændaskólans á Hólum og skal vera undir stjórn skólustjóra og íþróttakennara.